



STARFSLEYFI

Íslenska gámafélagið ehf.

Kt. 470596-2289

Réttarhvammi 2

603 Akureyri

- Söfnunarstöð fyrir úrgang (gámaföllur)-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.


Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknijörðunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: 30. maí 2036

30. maí 2024

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRA

Leifur Porkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal I

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig
auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem
ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/198 0	
1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/201 2	



2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slysahættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skytt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólk i nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/201 8 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	



3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnunum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnunum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

Rgl.nr.	Uppfyllit
4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003
4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999
4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi eftum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjasí.	806/1999	
4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrtækjunu.	806/1999 11. gr.	
4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveisitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.